

Stjórn SORPU bs.

Reykjavík 20.01.2016

**V / móttaka skilagjaldsskyldra umbúða á Kjalarnesi**


Frá því endurvinnslustöðinni á Kjalarnesi var lokað hefur verið tekið við skilagjaldsskyldum umbúðum í Áhaldahúsinu á Kjalarnesi á miðvikudögum kl. 15:00 – 19:00. Starfsmaður áhaldahúss Kjalarnes hefur sinnt þessari vinnu samhliða öðru en SORPA greiðir laun þennan tíma. Nú hefur umræddur starfsmaður óskað eftir því að hætta og er þá tilefni til að endurskoða þessa opnun, sérstaklega í ljósi þess að umboðslaun Endurvinnslunnar duga ekki fyrir kostnaði.

Reksturinn lítur þannig út:

	2014	2015
Fjöldi umbúða	91.177 stk	97.011 stk
Umboðslaun (tekjur)	kr. 235.824,-	kr. 284.367,-
Útgjöld (laun)		kr. 747.883,-
<b>Niðurstaða</b>	-	<b>kr. - 463.516,-</b>

Í ljósi ofangreinds er það tillaga undirritaðs að þessari þjónustu verði hætt, enda geta íbúar á Kjalarnesi sótt þjónustu endurvinnslustöðvarinnar í Mosfellsbæ. Endurvinnslan mun skoða aðra möguleika á e.k. móttöku á Kjalarnesi þegar ákvörðun SORPU liggur fyrir.

Virðingarfyllt,



Björn H. Halldórsson  
framkvæmdastjóri